

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um stefnu í áfengis- og vímuefnum.

Frá Halldóri Auðar Svanssyni.

- Hvaða tímaramma hefur ráðuneytið sett sér um setningu nýrrar stefnu í áfengis- og vímuefnum, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn á þingfundi 24. október 2023?
- Hvert er fyrirhugað verklag við setningu stefnunnar?
- Hvaða áform eru um samráð við mótun stefnunnar?
- Hver verða markmið stefnunnar og hvaða stefnumótun, innlend sem alþjóðleg, verður höfð til hliðsjónar við mótun hennar?

Skriflegt svar óskast.